

## Svar

**innviðaráðherra við fyrirspurn frá Bergþóri Ólasyni um svindl á ökuprófi.**

1. *Hefur verið gripið til aðgerða vegna fréttu af svindli manna á ökuprófi með notkun hjálpartækja, svo sem farsíma, og/eða með hjálp aðstoðarmanns?*

Í kjölfar umfjöllunar Morgunblaðsins 13. mars sl. um svindl á leyfishafanámskeiðum til leigubifreiðaaksturs sendi Samgöngustofa erindi á Ökuskólann í Mjódd og óskaði eftir upplýsingum og viðbrögðum og ítrekaði að notkun síma í prófum væri bönnuð. Í framhaldinu hefur stofnunin farið í tvær eftirlitsheimsóknir og gert athugasemdir og átt samtál við námskeiðshaldara um hvað betur megi fara.

Lokaskýrsla sem unnin var í kjölfar eftirlitsins var send Ökuskólanum sem greip til aðgerða í kjölfarið, m.a. með því að setja fram próf á bæði íslensku og ensku, banna síma og auka eftirlit með próftöku.

2. *Kemur til greina að ógilda réttindi þar sem svo háttáði til og láta viðkomandi endurtaka prófið?*

Ekki liggja fyrir staðfestar upplýsingar um tiltekna atvinnu- eða rekstrarleyfishafa sem hafa svindlað á prófum og hefur þar af leiðandi ekki verið tekin ákvörðun um að ógilda réttindi.